



## Reglur um sölu íbúða í eigu Dalvíkurbyggðar

Markmið þessara reglna er að skýra hvernig staðið er að sölu íbúða í eigu Dalvíkurbyggðar.

Stefna Dalvíkurbyggðar er að fækka íbúðum í eigu sveitarfélagsins en nýta þess í stað þau úræði sem sveitarfélagið hefur uppá að bjóða, þ.e. húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur.

1. Ákvörðun um sölu íbúða er hjá byggðarráði en framkvæmd í höndum sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og sveitarstjóra. Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs skal að jafnaði setja í sölu þær íbúðir sem losna vegna uppsagnar leigjanda á húsaleigusamningi. Félagsmálasvið skal senda sviðstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs upplýsingar um íbúðir sem losna vegna uppsagnar leigjanda.
2. Íbúðir í eigu Dalvíkurbyggðar skulu seldar að undangenginni auglýsingu og skulu líða 7 virkir dagar frá því auglýsing birtist þar til tilboðum er svarað.
3. Mat á tilboðum skal byggt á verðmati fasteignasala og skulu tilboð í íbúðir koma í gegnum fasteignasölu. Sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur umboð til að hafna tilboðum og gera gagntilboð í samráði við sveitarstjórarstjóra. Öll tilboð sem koma í íbúðir í eigu sveitarfélagsins skulu koma til kynningar í byggðarráði.
4. Ákvörðun um sölu íbúða, sem byggist á uppsögn Dalvíkurbyggðar, skal samþykkt af byggðarráði.
5. Nú hefur leigjandi búið í tvö ár eða lengur í íbúð í eigu Dalvíkurbyggðar og öðlast hann þar með kauprétt að íbúðinni. Kaupréttur verður virkur ef leigusamningi er sagt upp í samræmi við ákvæði húsaleigulaga. Skal þá sveitarfélagið gefa leigjanda kost á að kaupa íbúðina á verðmati löggilts fasteignasala, sem sveitarfélagið aflar á sinn kostnað. Náist ekki samningar skal íbúðin auglýst á hefðbundinn hátt og nýtur leigjandi þá ekki forkaupsréttar eða annars réttar í sölufurlinu umfram aðra tilboðsgjafa.
6. Kauptilboð skulu lögð fyrir byggðarráð til samþykktar.
7. Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum áskilur byggðarráð sér rétt að a) taka hvaða tilboði sem er og b) hafna hvaða tilboði sem er með heildarhagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi.

*Samþykkt á 666. fundi byggðarráðs Dalvíkurbyggðar þann 13. júní 2013.*

*Samþykkt á 248. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 18. júní 2013.*